

Fyrirvarar við útgáfu kennsluskrár Háskóla Íslands 2008-2009

Samþykktir í háskólaráði 17. janúar 2008.

Kennsluskráin er unnin samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir lágu í janúar 2008 um kennslu, námsframboð og annað er varðar starfrækslu Háskólans háskólaárið 2008-2009. Kennsluskráin er því birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Einstakar deildir Háskólans samþykkja kennsluskrána með fyrirvara um eftirtalin atriði:

- Nægilegar fjárveitingar.
- Fáanlegt kennaralið.
- Lágmarksfjölda stúdenta í einstökum námskeiðum.
- Nægilegt húsnæði.
- Breytingar sem síðar kunna að reynast nauðsynlegar.

Ef kennsluskrá og námsáætlun kennara ber ekki saman þá gildir námsáætlun kennarans, enda hafi hún verið kynnt stúdentum í upphafi námskeiðs.

Við útgáfu kennsluskrár 2008-2009 eru auk þess eftirtaldir fyrirvarar:

- Vera kann að beita þurfi [fjöldatakmörkun](#) í fleiri greinum háskólaárið 2008-2009 en ákvörðun liggur fyrir um við útgáfu þessarar kennsluskrár.
- Fyrirvarar um einstök önnur atriði er snerta skipulag kennslu og náms geta verið í köflum deilda.

Sérstök athygli er vakin á því að vegna sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands 1. júlí 2008 kunna breytingar að verða á formlegu fyrirkomulagi einstakra námsleiða sem í boði verða eftir sameininguna. Jafnframt kunna skipulagsbreytingar, er taka gildi á sama tíma, að fela í sér að tilflutningur verði á einstökum kennslugreinum þar sem gert er ráð fyrir að Háskólanum verði skipað í fimm fræðasvið og deildaskiptingu breytt frá og með 1. júlí 2008.

Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér neðangreint yfirlit um þær reglur sem eiga við vegna breytinganna. Vakin er athygli á því að unnt er að fylgjast með sameiningarferlinu á vefsvæðunum <http://sameining.hi.is/> - og - <http://sameining.khi.is/>

1. Námseiningaviðmið fyrir alla skráða nemendur (bæði HÍ og KHÍ)

Eftir sameiningu mun HÍ frá og með 1. júlí 2008 nota námseiningar skv. 6. gr. [rammalaga um háskóla](#), þ.e. að 60 námseiningar svari til fulls náms á ársgrundvelli. Þessar einingar munu í Nemendaskrárkerfi verða auðkenndar sem HI-einingar til aðgreiningar frá því einingaviðmiði (30 á ári) sem áður var notað. Athugasemdir verða færðar inn á námsferilsyfirlit til þess að tryggja að upplýsingar um námseiningar séu gagnsæjar og réttar.

2. Sameiginlegar reglur um allar námsleiðir (bæði HÍ og KHÍ)

Þar til annað hefur verið ákveðið gilda ákvæði [V. kafla reglna nr. 458/2000](#) fyrir Háskóla Íslands, um kennslu, próf og önnur almenn atriði er varða nám við sameinaðan háskóla. Öðrum ákvæðum reglna settum af háskólaráði HÍ, verður beitt eins og við getur átt, sbr. þó lið 3 – 6.

3. Sérákvæði um námsleiðir menntavísindasviðs

Um inntöku nemenda á námsleiðir menntavísindasviðs, gilda ákvæði [20. gr. reglna um KHÍ](#), ásamt þeim nánari reglum sem þar er vísað til. Þetta á þó ekki við um námsleiðir til kennsluréttinda og nám í uppeldis- og menntunarfræði og tólmstundafræði, sem félagsvísindadeild HÍ býður upp á. Um inntöku í þær greinar gilda ákvæði reglna sem háskólaráð HÍ hefur sett.

Nemendur sem þegar hafa verið skráðir til náms við KHÍ halda áfram námi sínu í samræmi við gildandi námsskipunarreglur. Ef breytingar verða gerðar á reglum sem gilda um námið verður það kynnt sérstaklega og nemendum eftir atvikum gefinn kostur á að ljúka námi sínu skv. þeim reglum sem giltu við innritun þeirra í námið.

4. Sérákvæði um námsleiðir í matvælafræði og næringarfræði

Ákvæði um nám í raunvísindadeild, í XVIII. kafla reglna nr. 458/2000, gilda um námsleiðir í matvælafræði og næringarfræði (þ.m.t. til BS-prófs), þar til annað hefur verið ákveðið og með fyrirvara um staðsetningu þessara kennslugreina innan nýs heilbrigðisvísindasviðs.

5. Sérákvæði um námsleiðir í sálfræði

Ákvæði um nám í félagsvísindadeild, í XVII. kafla reglna nr. 458/2000 um námsleiðir í sálfræði, þar til annað hefur verið ákveðið og með fyrirvara um staðsetningu þessarar kennslugreinar innan nýs heilbrigðisvísindasviðs. Sérstaklega er kveðið á um inntöku í námsleið til cand.psych-gráðu í reglum settum af háskólaráði HÍ.

Inntaka nýnema, aðhald með skráningum, eftirlit með námsframvindu o.fl. háskólaárið 2008-2009.

Samþykkt í háskólaráði 17. janúar 2008.

Á háskólaárinu 2008–2009 verður aðhaldi áfram beitt við skráningu nemenda í námskeið og náíð fylgst með því hvernig virkni í námi þróast. Áfram verður fylgt fyrirliiggjandi verklagi um skrásetningargjaldið.

Nánari aðgerðir í þessu skyni:

- Ekki verða veittar neinar undanþágur frá skráningartímabili árlegrar skráningar 31. mars – 4. apríl 2008.
- Ekki verður tekið við umsóknum nýnema sem berast eftir 5. júní 2008.
- Skrásetningargjaldið er ekki endurkræft.
- Greiðslufrestur skrásetningargjalds er til 10. júlí 2008 (eindagi gjaldsins). Sjá [verklagsreglur](#) um innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds.
- Tekið verður við beiðnum um undanþágur frá inntökuskilyrðum til 1. maí 2008. Sjá nánar um undanþágur í kafla um [inntökuskilyrði](#).
- Hver deild ákveður fyrir sig hvort hún tekur inn nemendur í janúar 2009.
- Nemendur, sem nýskráðir eru til náms á vormisseri 2009, geta ekki skipt um deild eða námsleið á því misseri.
- Hafi nemandi verið veitt skólavist með undanþágu frá stúdentsprófi eru skipti um deild eða námsgrein við árlega skrásetningu í mars 2009 (vertering) háð leyfi viðkomandi deildar.